

# 2006

Ársskýrsla



# Ársskýrsla

## Lífeyrissjóðs Norðurlands

### 2006

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Ársreikningur .....	19
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	20
Áritun óháðs endurskoðanda .....	21
Áritun tryggingastærðfræðings .....	22
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	23
Efnahagsreikningur .....	24
Sjóðstreymi .....	25
Deildaskipt yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris ...	26
Deildaskiptur efnahagsreikningur .....	27
Deildaskipt sjóðstreymi .....	28
Skýringar .....	29
Kennitölur .....	36
Financial statements 2006 .....	39
Report of the Board of Directors' and Managing Director .....	41
Auditor's Report .....	42
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments .....	43
Balance Sheet .....	44
Cash Flow Statement .....	45
Financial indicators .....	46

Útlitshönnun: Sumarliði Einar Daðason  
Prentvinnsla: Ásprent ehf.

Lífeyrissjóður Norðurlands  
Kennitala: 601092-2559  
Strandgata 3 · 600 Akureyri

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Inngangur

Rekstur Lífeyrissjóðs Norðurlands gekk að flestu leyti vel á árinu 2006. Ávöxtun var góð, sem fyrst og fremst má rekja til góðrar afkomu erlendra eigna, einkum erlendra hlutabréfa. Má rekja það bæði til góðrar ávöxtunar á mörkuðum og mikillar veikingar íslensku krónunnar. Ávöxtun innlendra skuldabréfa var slök og ein sú slakasta um langt skeið. Gengi íslensku krónunnar veiktist mikið á árinu og sveiflur voru verulegar bæði í gengi krónunnar og á eignamörkuðum almennt. Ávöxtun sjóðsins var yfir þeirri viðmiðunarvísitölu, sem hann miðar við.

Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins á árinu var einnig góð og er tryggingafræðileg staða hans nú jákvæð, eftir að hafa verið neikvæð nokkur undanfarin ár. Þrátt fyrir góða ávöxtun undanfarin ár hefur tryggingafræðileg staða sjóðsins batnað hægt, vegna mikillar aukningar í skuldbindingum vegna hækkunar lífaldurs og fjölgunar örorkulífeyrisþega. Það er því ánægjuefni að sjóðurinn skuli nú hafa náð þessu markmiði en afar mikilvægt er að tryggingafræðileg staða sé jákvæð enda eykur það verulega líkur á því að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrisþegum í framtíðinni.

Sjóðurinn hefur á undanförunum árum stefnt að aukinni áhættudreifingu í eignasafni sínu, með uppbyggingu á fleiri tegundum eigna og minni sveiflum í afkomu. Var þeirri uppbyggingu haldið áfram á árinu, með fjárfestingum í erlendum framtaks- sjóðum, erlendum marksjóðum og erlendum skuldabréfum. Þá hóf sjóðurinn fjárfestingar í erlendum fasteignasjóðum á árinu. Þessi stefna hefur að nokkru leyti bitnað á afkomu sjóðsins til skemmri tíma lítið en vonast er til að hún muni skila sjóðnum öruggari afkomu í framtíðinni. Þá var dregið úr hlutfalli ríkisverðbréfa í eignasafni sjóðsins á árinu en vægi innlendra markaðsskuldabréfa og skammtímabréfa aukið á móti.

Áhættumælingar fara reglulega fram á öllum eignasöfnum sjóðsins, auk samanburðar við viðmiðunarvísitölur í hverjum flokki. Jafnframt eru ársfjórðungslega unnar nákvæmar ávöxtunarskýrslur fyrir sjóðinn þar sem farið er yfir alla eignaflokka með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnendur sjóðsins hafa því góða yfirsýn yfir árangurinn í hverjum eignaflokki og hjá sjóðnum í heild. Ávöxtun sjóðsins hefur verið yfir viðmiðunarvísitölu 4 af síðustu 5 árum og áhætta hans jafnframt verið minni en nemur áhættu viðmiðunarvísitölu. Almennt hefur árangurinn því verið góður á þessum árum. Margir íslenskir lífeyrissjóðir hafa aukið mjög hlutdeild bæði innlendra og erlendra hlutabréfa í eignasöfnum sínum síðustu ár. Þessi stefna hefur aukið ávöxtun margra sjóða, en jafnframt aukið mjög áhættu í fjárfestingum þeirra. Lífeyrissjóður Norðurlands hefur ekki fylgt þessari stefnu og hún vísar frá þeirri viðmiðunarvísitölu sem sjóðurinn hefur tekið upp. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur verið þannig að ekki hefur verið talið eðlilegt að auka svo mjög áhættuna í fjárfestingum sjóðsins. Þetta hlýtur þó alltaf að vera álitamál á hverjum tíma.

Réttindakerfi sjóðsins og breyting á ávinnslu úr svokallaðri jafnri ávinnslu yfir í aldursháða ávinnslu hefur verið til umfjöllunar undanfarin ár. Sjóðurinn mótaði sér stefnu, sem nefnd var Uppbótarleiðin, til að framkvæma þessar breytingar á réttindakerfinu og var ráðgert að hún kæmi til framkvæmda í ársbyrjun 2007. Markmiðið með vali á þessari stefnu var að hanna kerfi sem væri einfaldara og gegnsærra en þær aðferðir sem margir aðrir sjóðir höfðu valið. Þar er verið að vísa til svokallaðrar blandaðrar leiðar. Í blandaðri leið er hverjum sjóðfélaga, sem uppfyllir viss skilyrði,

„Svartsýnismaður sér erfiðleikana í öllum tækifærum. Bjartsýnismaður sér tækifærin í öllum erfiðleikum.“

*Winston Churchill*

„Við teljum manninn sem stal  
merinni ekki sekan.“  
Velskur kviðdómur

úthlutað svokölluðu viðmiðunariðgjaldi sem hann fær áfram jafna ávinnslu á, en innborganir umfram slíkt viðmiðunariðgjald fara til aldurstengdrar ávinnslu. Uppbótarleiðin sem sjóðurinn valdi kom þó aldrei til framkvæmda eins og nánar verður rakið hér að neðan.

Lífeyrissjóður Norðurlands og Lífeyrissjóður Austurlands hófu viðræður um hugsanlega sameiningu þessara sjóða í árslok 2005. Viðræðurnar fóru hægt af stað og fljótlega kom í ljós að nokkur áherslumunur var á milli aðila um leiðir, einkum um réttindakerfi. Stjórn Lífeyrissjóðs Austurlands vildi eindregið velja blandaða leið við ávinnslu. Voru rökin einkum þau að margir sjóðir hefðu þegar valið þá leið og val á henni myndi því auðvelda samskipti milli sjóða. Gerði stjórn Lífeyrissjóðs Austurlands það að skilyrði fyrir sameiningu að þessi leið yrði farin. Til að gera hlutlausu úttekt á málinu var Ólafur Ísleifsson hagfræðingur fenginn til að vinna hagkvæmnisskýrslu fyrir stjórnir sjóðanna. Niðurstaða hennar var sú að verulegur hagur væri að því fyrir báða sjóði að sameinast, raunar án tillits til þess hvaða leið yrði valin varðandi réttindakerfið. Í ljósi þessa og með hliðsjón af því skilyrði sem Austfirðingarnir höfðu sett fram, samþykkti stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands í október 2006 að fallast á þetta skilyrði og leggja af hugmyndir um uppótarleið. Var í kjölfarið gengið frá samrunasamningi milli sjóðanna og Lífeyrissjóður Norðurlands breytti samþykktum sínum í átt að blönduðu ávinnslukerfi á aukaársfundi í desember 2006. Það er síðan verkefni ársfunda þessara sjóða á árinu 2007 að taka afstöðu til þessarar sameiningar.

Málefni öryrkja og svokölluð tekjuathugun var mikið til umræðu á árinu. Þrátt fyrir ákvæði samþykkt um að ekki sé réttur til örorkulífeyris frá lífeyrissjóði, nema sjóðfélaginn hafi orðið fyrir tekjuskerðingu, hafa sjóðirnir á undanförunum árum ekki tekið að fullu tillit til tekna örorkulífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta hefur gert það að verkum að talsverður hópur örorkulífeyrisþega hefur umtalsvert hærrí tekjur eftir orkutap en þeir höfðu fyrir. Vegna mikils vaxtar á örorkulífeyrisbyrði sjóðanna undanfarin ár var ákveðið, við hefðbundna tekjuathugun árið 2006, að taka tillit til allra tekna. Er það í samræmi við samþykktir sjóðanna. Þessi aðferð hefði leitt til lækkunar á lífeyri allmargra sjóðfélaga. Miklar umræður spunnust um þessa aðgerð og varð hún fyrir mikilli gagnrýni, bæði af hálfu samtaka öryrkja og frá íslenskum stjórnámálönnum. Gagnrýnendur virtust þó oft á tíðum lítið hafa kynnt sér forsendur fyrir þessari aðgerð. Þegar kom að því að framkvæma þessa aðgerð var ljóst að samstaða sjóðanna, sem að henni stóðu, var að bresta og blönduðust þar ýmis atriði inn í, m.a. um það hvernig meta skuli tekjutap. Þá hafa stjórnvöld verið að vinna að breytingum á kerfi almannatrygginga og vildu margir að beðið yrði eftir niðurstöðum úr þeirri vinnu. Var því ákveðið að fresta því að taka tillit til allra tekna en framkvæma tekjuathugun í samræmi við eldri reglur. Ljóst er að þetta vandamál hverfur ekki við þá frestun sem þarna var ákveðin. Örorkulífeyrisbyrði sjóðanna hefur vaxið jafnt og þétt og m.a. hefur örorkulífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs Norðurlands vaxið um 80% frá árinu 2001 á sama tíma og iðgjöld hafa vaxið um 60% og verðlag um ríflega 23%. Hér er því um verulegt vandamál að ræða sem fyrr eða síðar verður að taka á.

Sjóðurinn tók á árinu þátt í stofnun BYR Starfsendurhæfingar Norðurlands. BYR er ætlað að stuðla að endurhæfingu og endurmenntun öryrkja. Markmiðið er að styðja sem flesta sem orðið hafa fyrir skerðingu á starfsgetu til að komast út á vinnumarkaðinn á ný. Eru miklar vonir bundnar við þessa starfsemi.


## Starfsumhverfi

### Efnahagsmál og þróun á fjármálamarkaði

Íslenska hagsveiflan virðist hafa náð hámarki síðari hluta árs 2005 og verulega dró úr hagvexti á árinu 2006. Ýmis einkenni þenslunnar voru þó enn að koma fram með vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu. Talið er að hagvöxtur á árinu hafi verið um 2,5%. Atvinnuleysi var í sögulegu lágmarki eða um 1,3%, kaupmáttur launa óx að jafnaði um 3,2% og verðbólga fór vaxandi og mældist 6,95% frá upphafi til loka árs. Viðskiptahallinn hélt áfram að vaxa og mældist um 22% af landsframleiðslu en svo mikill viðskiptahalli er fáheyrður á alþjóðavísu. Gengi íslensku krónunnar gaf verulega eftir eða um 18,8%. Árið 2006 fór að flestu leyti vel af stað en í febrúar fóru að birtast greiningar frá erlendum fjármálafyrirtækjum á íslensku efnahagslífi og íslensku bönkunum sérstaklega. Þar var sjónum beint að því mikla misvægi sem var í íslensku efnahagslífi. Í kjölfar þessa veiktist mjög trú markaðsaðila á íslensku krónunni og hún féll verulega gagnvart erlendum myntum. Hlutabréfamarkaðurinn féll í kjölfarið. Seðlabankinn hefur reynt að sporna við þenslunni með hækkun stýrivaxta, en alls voru stýrivextir hækkaðir um 3,75% á árinu og voru í árslok 14,25%. Ríkisfjármál-in hafa verið gagnrýnd nokkuð fyrir að veita ónógt aðhald á þessum þenslutímum. Krónan hefur styrkst nokkuð aftur í kjölfar mikilla kaupa útlandinga á skuldabréfum í íslenskum krónum. Er þau gerð í því augnamiði að nýta þann mikla vaxtamun, sem nú er milli Íslands og umheimsins. Mikið af þessu er skammtímafjármagn og ekki ljóst hvaða áhrif þetta hefur á krónuna til lengri tíma litið. Búist er við að enn hægi á hagvexti á árinu 2007 þótt spár séu missvartsýnar hvað það varðar. Líklegt er að sveiflur verði talsverðar, bæði í gengi krónunnar og á eignamörkuðum. Hagstjórnarverkefni eru því ærin á Íslandi um þessar mundir.

### Skuldabréfamarkaður

Árið 2006 var annað árið í röð sem var fremur erfitt á innlendum skuldabréfamarkaði. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa var lítið breytt framan af ári og lækkaði raunar nokkuð á lengstu flokkunum þegar líða tók á árið. Mátti einkum rekja það til óróleika á hlutabréfa- og gjaldeyrismarkaði með væntingum um aukna verðbólgu og minnkandi hagvöxt. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa fór hækkandi á fyrri



„Gerðu allt eins einfalt og mögulegt er, en ekki einfaldara.“

Albert Einstein


„Aðeins tvennt er óendanlegt, alheimurinn og heimska manna. Ég er þó ekki viss um það fyrrnefnda.“  
Albert Einstein

hluta árs vegna hækkandi stýrivaxta og væntinga um aukna verðbólgu. Mikil umskipti urðu í október þegar ríkisstjórnin tilkynnti um fyrirhugaðar breytingar á skattlagningu matvæla, sem leiða myndu til lækkandi matvæleverðs og þar með tímabundinnar verðhjöðunar. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa, einkum á styttri endanum, hækkadi snarlega. Ávöxtun verðtryggðra skuldabréfa var því slök annað árið í röð. Skuldabréfavisitala ÍV hækkadi um 8,17% á árinu og var raunávöxtun bréfa ekki nema 1,1% á árinu. Vegna væntanlegra breytinga á skattlagningu matvæla er búist við fremur slakri ávöxtun verðtryggðra bréfa á fyrsta ársfjórðungi 2007 en búast má við því að verðtryggð skuldabréf taki við sér á seinni hluta ársins og að árið 2007 geti orðið nokkuð gott skuldabréfaár.

### Hlutabréfamarkaður

Íslensk hlutabréf hófu árið 2006 af miklum krafti og hafði úrvalsvísitala hlutabréfa hækkad um 25% um miðjan febrúar. Eftir viðsnúninginn sem varð á markaði lækkuðu hlutabréf skarpt fram á sumar, en þá var vísitalan orðin neikvæð um 5%. Eftir að umræðan um íslenskt efnahagslíf náði áttum síðsumars tóku innlend hlutabréf að hækka á nýjan leik, enda afkoma félaganna almennt góð og verðlagning hagstæð. Sömu einkennum og áður gera íslenska markaðinn mjög einsleit, þ.e. hátt vægi fjármálafyrirtækja og eignarhaldsfélaga, en afkoma þeirra er nokkuð háð markaðinum sjálfum. Þá er seljanleiki takmarkaður við fá félög og því erfitt að dreifa áhættu á markaði. Af þessum sökum kann það að vera þess virði að fara að líta á Norðurlöndin öll sem heimamarkað í stað lítills og þröngs innlands markaðar.

**Hlutabréfavisitölur 2006**




### Erlendir markaðir

Heimsbúskapurinn gekk almennt vel á árinu 2006. Talið er að hagvöxtur á heimsvísu hafi verið um 3,6% og verðbólga hafi verið um 2,8%. Heldur dró úr hagvexti í Bandaríkjunum og Japan en hann jókst í Evrópu. Mikill hagvöxtur var áfram í Asíu og svokölluðum nýmarkaðslöndum. Þannig er álitid að hagvöxtur í Kína hafi verið

um 10,1% og um 6,5% í nýmarkaðslöndunum. Búist er við að heldur dragi úr hagvexti á árinu 2007 en hann verði þó áfram mikill í Asíu. Hlutabréfamarkaðir heimsins gáfu almennt góða ávöxtun á árinu. Þannig hækkaði MSCI heimsvísitala hlutabréfa um 18% í dollurum talið. MSCI Norður-Ameríku hækkaði um 13,3%, í Evrópu um 30,2%, í Japan um 5,1% og í Asíu án Japans um 28%. Norðurlandamarkaðir voru öflugir á árinu og MSCI Norðurlönd hækkaði um 36,4% í dollurum talið. Skuldabréfamarkaðir voru almennt erfiðir á árinu, einkum í ríkisskuldabréfum. Þannig hækkaði Lehman Brothers Aggregate vísitalan um 3,1% á árinu í dollurum talið. Nokkru betur gekk í hávaxtaskuldabréfum en hávaxtavísitala Lehman Brothers hækkaði um 11,8% í dollurum talið á árinu. Almennt gekk ávöxtun marksjóða vel á árinu, þótt nokkur munur væri á milli einstakra flokka. Dreifð marksjóðavísitala HFRI hækkaði um 10,5% í dollurum talið á árinu. Ávöxtun á hrávörumarkaði var almennt erfið eftir nokkur mjög góð ár. Hrávöruvísitala Goldman Sachs lækkaði um 15,1% á árinu í dollurum talið.

Horfur eru almennt taldar nokkuð góðar fyrir flesta eignaflokka á árinu 2007 og talsverð bjartsýni ríkir, einkum á hlutabréfamörkuðum.

**Alþjóðlegar hlutabréfavísitölur 2006**



## Starfsemi sjóðsins

### Tryggingadeild

#### Lífeyrismál

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar námu alls 1.353,8 milljónum króna og jukust um 7,8% frá fyrra ári. Lífeyrisbyrði sjóðsins sem hlutfall af iðgjöldum lækkaði milli ára úr 62,5% í tæp 59% en iðgjöld jukust um 14,5% sem er talsvert umfram launavísitölu. Lífeyrisþegar í árslok 2006 voru 4.287.

„Maður á alltaf að mæta á jarðarfarir annarra, annars mæta þeir ekki á þína.“

*Yogi Berra, amerískur hafnarboltaleikmaður*

„Raunveruleikinn er bara blekking,  
reyndar nokkuð lífseig.“  
Albert Einstein

### Skipting milli einstakra lífeyristegunda

Lífeyristegund	Upphæð 2005	% af heild	Upphæð 2006	% af heild	Hækk. milli ára
Ellilífeyrir	691,4	55,1%	767,2	56,7%	11,0%
Örorkulífeyrir	427,6	34,1%	445,8	32,9%	4,3%
Makalífeyrir	99,2	7,9%	106,4	7,9%	7,3%
Barnalífeyrir	37,4	3,0%	34,4	2,5%	-8,0%
Samtals	1.255,6	100,0%	1.353,8	100,0%	7,8%


Nokkuð er um að lífeyrisþegar njóti fleiri en einnar tegundar lífeyris og voru virkir lífeyrisúrskurðir 4.836 vegna 4.287 lífeyrisþega. Á árinu voru afgreiddir 399 nýir úrskurðir sem er 80 úrskurðum færri en árið á undan og 348 úrskurðir féllu út. Skipting úrskurða milli lífeyristegunda og breyting milli ára var sem hér segir:

### Skipting úrskurða milli lífeyristegunda og breyting milli ára


Lífeyristegund	Fjöldi 31.12 '05	Nýir úrsk.	Út af lífeyri	Fjöldi 31.12 '06	Breyting
Ellilífeyrir	2.480	157	95	2.542	62
Örorkulífeyrir	1.259	136	116	1.279	20
Makalífeyrir	668	59	59	668	0
Barnalífeyrir	378	47	78	347	-31
Samtals	4.785	399	348	4.836	51

Alls voru úrskurðaðir 136 nýir örorkulífeyrisþegar á árinu og voru ástæður örorku sem hér segir:


### Ástæður örorku - Nýir úrskurðir



Örorkulífeyrisbyrði sjóðsins hefur vaxið hratt undanfarin ár. Þessi vöxtur gerir það að verkum að örorkulífeyrir stefnir í að verða mun hærra hlutfall af iðgjöldum en reiknað hefur verið með. Ef svo fer fram sem horfir hlýtur það að bitna á möguleikum sjóðsins til að greiða aðrar lífeyristegundir, einkum ellilífeyri. Þessi þróun hefur átt sér stað hjá mörgum almennu lífeyrissjóðanna á Íslandi. Þeir hafa reynt að spara í þessum lífeyrisflokki með því að fylgja fastar eftir ákvæðum í samþykktum um að ekki skuli bæta örorkulífeyrisþegum meira en nemur þeim tekjumissi sem þeir urðu fyrir við orkutap, en talsverður hópur örorkulífeyrisþega hefur nú mun hærri tekjur en þeir höfðu fyrir orkutap. Þetta mætti mikilli andstöðu, sem gerði það að verkum að ákveðið var að fresta þessari aðgerð um sinn. Ljóst er þó að ekki verður lengur vikið undan því að taka á þessu vandamáli. Hér má sjá þróun örorkulífeyrisskuldbindinga lífeyrissjóðs Norðurlands í krónum talið á tímabilinu 2001-2006.



Skuldbindingar hafa aukist verulega umfram verðlag og aukningu iðgjalda. Myndin hér að neðan ber saman þessar stærðir og hefur þá hækkun örorkulífeyrisbyrði sem stafar að hækkun iðgjaldaprósentu verið dregin frá. Tölurnar eiga því að vera samanburðarhæfar og hækkun örorku ætti því að vera í samræmi við hækkun iðgjalda ef örorkulíkur haldast óbreyttar. Eins og sést á þessari mynd hafa orðið verulegar breytingar á því.



### Fjárfestingarstefna og ráðstöfun fjármagns

Gerðar voru smávægilegar breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins á árinu frá því sem gert var ráð fyrir í upphafi árs. Vægi innlendra ríkisskuldabréfa var minnkað en vægi annarra markaðsskuldabréfa og innlendra og erlendra hlutabréfa var aukið lítið eitt. Var þetta gert með hliðsjón af markaðsaðstæðum.

Sjóðurinn hélt á árinu áfram að byggja upp nýja eignaflokka s.s. erlenda framtaks-sjóði og fasteignasjóði. Einnig var áfram fjárfest í erlendum skuldabréfum og innlendum markaðsskuldabréfum, öðrum en ríkisbréfum. Markmið sjóðsins hefur verið að dreifa enn frekar áhættu í safni sjóðsins með fjárfestingum í fleiri eignaflokkum. Þessi stefna hefur dregið lítið eitt úr ávöxtun til skemmri tíma lítið, en vonast er til að hún skili sér í góðri langtímaávöxtun og minni sveiflum í eignasafni sjóðsins.

Lögð er mikil áhersla á að mæla áhættu í fjárfestingum sjóðsins og er við það miðað að áhætta hans sé að öllu jöfnu ekki meiri en áhætta viðmiðunarvísitölu og aldrei meiri en 1,5 x staðalfrávik vísitölu. Áhætta sjóðsins á árinu 2006 mældist 5,93% samanborið við 6,49% áhættu viðmiðunarvísitölu. Áhætta sjóðsins er í raun litlu meiri en í hefðbundnu safni ríkisverðbréfa.

„Vertu góður við fólk á leið þinni á toppinn. Þú átt eftir að hitta það aftur á leiðinni niður.“  
Jimmy Durante

„Ég stend í þakkarskuld við for-eldra mína, sérstaklega við móður mína og föður.“

Greg Norman

Við mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2007 var ákveðið að breyta lítillaga viðmiðunarvísitölu hans, eins og gerð er grein fyrir hér að neðan. Áfram er þó miðað við að hlutabréf séu að jafnaði ekki meira en 35% af eignum sjóðsins. Þau hafa verið lítið eitt yfir þessu hlutfalli undanfarin ár vegna hagstæðs ástands á hlutabréfamörkuðum. Meðalhlutfall hlutabréfa af eignum sjóðsins á árinu 2006 var 38%. Þetta er tiltölulega „lágt“ hlutfall hlutabréfa miðað við marga aðra íslenska lífeyris-sjóði, sem margir hverjir eru komnir í fast að 50% eða jafnvel þar yfir í hlutfalli hlutabréfa af heildareignum. Sú stefna hefur skilað góðri ávöxtun undanfarin ár, en ljóst er að áhætta í eignasöfnum þessara sjóða hefur einnig aukist mikið.


Breytingar sem gerðar voru á viðmiðunarvísitölu sjóðsins eru eftirfarandi:

Eignaflokkur	Heiti vísitölu	Vægi var	Vægi verður
Innlend skuldabréf	IV-Bond Index	50%	45%
Innlend hlutabréf	ICEX-15	17%	15%
Erlend skuldabréf	JPM Global Bond Index	7%	10%
Erlend hlutabréf	MSCI-World	18%	20%
Aðrar fjárfestingar	HFRI FoF Diversf. Index	4%	6%
Skammtímabréf og innlán	3 mánaða ríkisvixlar	4%	4%

Sjóðurinn getur í samræmi við vikið vikmörk fjárfestingarstefnu vikið út frá þessu vægi, en fjárfestingarárangur sjóðsins, bæði hvað varðar ávöxtun og áhættu er mældur út frá þessari viðmiðunarvísitölu. Breytingin mun leiða til óverulegrar aukningar á áhættu í eignasafni sjóðsins.

Samsetning á eignum sjóðsins í árslok 2006 var sem hér segir:

Verðbréfaflokkar	Eignasafn samkvæmt fjárfestingarstefnu	Eignasafn 31.12.2006
Ríkisverðbréf	20-50%	29,3%
Önnur innlend markaðsskuldabréf	0-20%	14,0%
Veðskuldabréf	0-10%	0,8%
Erlend skuldabréf	0-20%	9,4%
Innlend hlutabréf	10-35%	17,3%
Erlend hlutabréf	5-35%	22,0%
Aðrar fjárfestingar	0-10%	4,1%
Bankainnstæður og skammtímabréf	0-10%	3,1%



Á árinu fjárfesti sjóðurinn fyrst og fremst í innlendum markaðsskuldabréfum, erlendum skuldabréfum og erlendum hlutdeildarskírteinum, en var seljandi að innlendum hlutdeildarskírteinum, innlendum ríkisskuldabréfum og innlendum veðskuldabréfum. Var þetta í samræmi við fjárfestingarstefnu og áætlanir sjóðsins.

Velta var mikil á eignum sjóðsins eða um 95% af meðaleign sjóðsins á árinu. Það var einkum í innlendum hluta- og skuldabréfum þar sem velta var mikil.

Fyrir sjóðinn í heild var frjálst fjárstreymi til kaupa á verðbréfum á árinu 3.166 milljónir króna og lækkaði um 30% frá fyrra ári. Samtals var ráðstafað 3.300 milljónum króna til verðbréfakaupa og lækkaði handbært fé um 135 milljónir króna á árinu.

### Ráðstöfun

Verðbréfaflokkar	Kaup	Sala	Ráðstöfun ársins
<i>Verðbréf með breytilegum tekjum:</i>			
Innlend hlutabréf	7.820	(7.817)	3
Erlend hlutabréf	0	0	0
Innlend hlutdeildarskírteini	0	(572)	(572)
Erlend hlutdeildarskírteini	2.631	(1.498)	1.133
<i>Verðbréf með föstum tekjum:</i>			
Ríkisskuldabréf	12.328	(12.553)	(225)
Önnur markaðsskuldabréf	2.391	(168)	2.223
Erlend skuldabréf	680	(99)	581
Veðskuldabréf	0	(310)	(310)
Skammtímabréf, nettó	466		466
Samtals	26.316	(23.016)	3.300

## Ávöxtun og efnahagur

### Ávöxtun

Ávöxtun Tryggingadeildar sjóðsins var góð. Nafnávöxtun deildarinnar var 16,2% og raunávöxtun 8,6% samanborið við 18,7% og 14,0% árið á undan. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 8,4% og 7,1% síðustu 10 árin. Fjárfestingartekjur deildarinnar námu 7.600 milljónum króna og hækkuðu um 4,7% frá fyrra ári. Góð ávöxtun á erlendum eignum, einkum erlendum hlutabréfum skýrir þessa góðu afkomu. Innlend hlutabréf gáfu einnig góða afkomu, en innlend skuldabréf voru léleg og gáfu lakari ávöxtun en þau hafa gert í mörg ár.


Eignum sjóðsins er stýrt miðað við markaðsverð verðbréfa, en hefðbundið bókhaldsuppgjör miðar við að skuldabréf séu gerð upp á kaupávöxtunarkröfu (bókhaldsverð). Raunar er velta skuldabréfa það mikil í safni sjóðsins að litlu munar á þessum uppgjörsaðferðum. Greina má ávöxtun sjóðsins niður í eftirtalda þætti:

„Raðið ykkur í stafrófsröð eftir hæð.“  
Bill Peterson, þjálfari

„Það eina sem er eftir óleyst er  
lausn vandans.“  
Thomas Wells

	Ávöxtun
Ávöxtun á markaðsvirði	16,73%
Mismunur v. bókhaldsverðmætis	0,50%
Rekstrar- og fjármagnsgjöld	(0,18%)
Gjaldeyrisvarnir	(1,01%)
Aðrir samningar	0,15%
<b>Samtals</b>	<b>16,19%</b>

Ávöxtun á síðustu árum hefur verið sem hér segir:



Ávöxtun einstakra eignaflokka í íslenskum krónum talin er eftirfarandi:

	2002	2003	2004	2005	2006	3 ár	5 ár
<i>Nafnávöxtun:</i>							
Tryggingadeild	-0,2%	11,8%	17,8%	18,7%	16,2%	17,4%	12,6%
Ríkisskuldabréf	8,2%	8,8%	9,9%	8,6%	9,3%	9,2%	9,0%
Önnur innlend skuldabréf	7,1%	9,3%	11,7%	10,7%	12,9%	11,6%	10,3%
Erlend skuldabréf	-11,9%	-4,8%	-7,0%	3,6%	20,6%	5,1%	-0,5%
Innlend hlutabréf	31,1%	42,9%	68,0%	76,5%	18,9%	51,6%	45,9%
Erlend hlutabréf	-40,9%	11,0%	-5,5%	8,5%	33,1%	10,8%	-2,2%
Aðrar fjárfestingar	e.t.	e.t.	e.t.	2,5%	26,3%	e.t.	e.t.
Skammtíabréf	9,7%	5,1%	7,6%	8,8%	12,1%	9,4%	8,6%
<i>Raunávöxtun:</i>							
Tryggingadeild	-2,2%	9,2%	13,3%	14,0%	8,6%	11,8%	8,4%
Tryggingadeild	-2,2%	9,2%	13,3%	14,0%	8,6%	11,8%	8,4%
Ríkisskuldabréf	6,1%	5,9%	5,8%	4,2%	2,2%	4,0%	4,8%
Önnur innlend skuldabréf	5,0%	6,4%	7,5%	6,3%	5,6%	6,4%	6,2%
Erlend skuldabréf	-13,6%	-7,3%	-10,5%	-0,5%	12,8%	0,1%	-4,3%
Innlend hlutabréf	28,5%	39,1%	61,7%	69,5%	11,2%	44,4%	40,4%
Erlend hlutabréf	-42,1%	8,1%	-9,1%	4,2%	24,5%	5,6%	-5,9%
Aðrar fjárfestingar	e.t.	e.t.	e.t.	-1,6%	18,1%	e.t.	e.t.
Skammtíabréf	7,5%	2,3%	3,5%	4,5%	4,8%	4,2%	4,5%
Verðbólga	2,0%	2,5%	3,9%	4,1%	7,0%	4,9%	3,9%

Eins og áður sagði eru ofangreindar tölur miðaðar við bókhaldsverðmæti, þar sem skuldabréf eru metin með kaupávöxtunarkröfu. Í stýringu á sjóðnum er hins vegar miðað við markaðsávöxtun eigna og mið tekið af viðmiðunarvísitölu sjóðsins. Ávöxtun sjóðsins á árinu var mjög nálægt viðmiðunarvísitölu en helstu niðurstöður eru sem hér segir:

	Sjóður	Vísitala
Ávöxtun	16,73%	16,55%
Umframávöxtun	0,18%	
Alpha	2,50%	
Áhætta	5,93%	6,49%
Sharp ratio	1,12	0,99
Information ratio	1,14	
Hlutfall jákvæðra mánaða	75,00%	83,33%
Tracking error	2,18%	
Mánaðarlegt VaR 99%	-1,53%	

Vægi eignaflokka skilaði umframávöxtun upp á 0,39% en samval bréfa gaf neikvætt framlag upp á 0,21%. Þar var einkum um að ræða framtakssjóði, sem drógu ávöxtun erlendra hlutabréfa nokkuð niður, en þessir sjóðir eru enn í uppbyggingarfasa.

### Efnahagur og afkoma

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 54.355,4 milljónum króna í árslok og hækkaði um 8.450,9 milljónir króna frá árinu á undan eða um 18,4%. Samsvarendi hækkun milli áranna á undan var 20,9%. Þessi mikla hækkun skýrist bæði af góðri ávöxtun og aukningu iðgjalda. Fjárfestingar deildarinnar námu í árslok 54.296 milljónum króna eða 99,9% eigna. 46% eigna eru í skráðum bréfum með breytilegum tekjum, 48% í skráðum bréfum með föstum tekjum, 4% í óskráðum bréfum, 1% í fasteignalánum og 1% í öðrum eignum.


Góð ávöxtun sjóðsins leiddi til þess að tryggingafræðileg staða hans batnaði og var hún jákvæð um 4.734 milljónir króna. Undanfarið hafa skuldbindingar sjóðsins vaxið hratt og staða sjóðsins því ekki batnað eins og vænta mátti með bættri ávöxtun. Skuldbindingar vaxa nú heldur minna, einkum ellilífeyrir, en áfram er mikill vöxtur í skuldbindingum vegna örorkulífeyris. Uppgjörið nú miðast við nýtt réttindakerfi sjóðsins til framtíðar.

„Ég ráðlegg þér að kvænast. Ef þú finnur góða konu verður þú hamingjusamur, ef ekki verðurðu heimspekingur.“  
Sókrates

### Tryggingafræðileg afkoma síðastliðin 5 ár

	2002	2003	2004	2005	2006
Aukning á eignum til trygg.frl. uppgjörs	556	3.270	5.587	8.747	8.730
Aukning áfallinna skuldb. á árinu	(3.843)	(1.358)	(5.185)	(4.380)	(6.221)
	(3.287)	1.912	402	4.368	2.509
Aukning á verðmæti framtíðariðgjalda	2.216	1.988	1.908	2.354	11.104
Aukning á verðmæti framtíðarréttinda	(3.442)	1.936	(4.499)	(3.198)	(8.880)
	(1.226)	3.924	(2.591)	(844)	2.225
Tryggingafræðileg afkoma ársins	(4.513)	5.836	(2.189)	3.524	4.734

Milljónir **Tryggingafræðileg afkoma síðastliðin 10 ár**



Framangreindar tölur miðast við heildarskuldbindingar samkvæmt hefðbundnu tryggingafræðilegu mati. Eins og áður birtir sjóðurinn einnig tryggingafræðilega afkoma vegna áfallinna skuldbindinga, án þess að skuldabréfasafn sjóðsins sé núvirt.

Batnandi tryggingafræðileg staða gerir sjóðnum kleift að bæta kjör sjóðfélaga.

### Tryggingafræðileg afkoma síðastliðin 5 ár


	2002	2003	2004	2005	2006
Aukning á bókfærðum eignum	449	3.765	6.282	7.921	8.451
Aukning áfallinna skuldbindinga	3.767	1.292	5.161	4.358	6.221
Tryggingafræðileg afkoma	(3.318)	2.473	1.122	3.563	2.230

## Iðgjöld og sjóðfélagar


Alls greiddu 12.609 sjóðfélagar hjá 1.782 launagreiðendum iðgjöld til deildarinnar á árinu. Virkum sjóðfélögum fjölgaði um 301 einstakling frá fyrra ári og launagreiðendur voru 174 fleiri en árið á undan. Iðgjöld deildarinnar á árinu námu 2.288 millj. kr. og hækkuðu um 290 millj. kr. frá fyrra ári eða 14,5%.

Alls greiddu 30 stærstu launagreiðendurnir um 42,7% af iðgjöldum til sjóðsins og eru iðgjöld þeirra sýnd í meðfylgjandi töflu. Akureyrarbær er þar langstærsti greiðandinn með 9,2% allra iðgjalda. Af heildariðgjöldum sjóðsins á árinu vó opinber þjónusta þyngst eða 27%, verslun og þjónusta var með 19% og sjávarútvegur með 17%.

Stærstu iðgjaldagreiðendur voru sem hér segir:



### Skipting launagreiðenda eftir atvinnugreinum



„Staðreyndir eru heimskulegar.“  
Ronald Reagan


„Hann er prýddur öllum þeim  
dygðum sem mér mislíkar og ekki  
haldinn neinum löstum sem  
mér líkar.“

Winston Churchill

## Rekstur

Rekstrarkostnaður deildarinnar á árinu nam 61,3 milljónum króna samanborið við 55,9 milljónir króna árið áður, sem er hækkun um 9,7%. Fjárfestingargjöld deildarinnar námu 29 milljónum króna samanborið við 29,5 milljónir króna árið áður, sem er lækkun um 1,7%. Sem hlutfall af eignum deildarinnar nam rekstrarkostnaður 0,12% samanborið við 0,13% árið áður og fjárfestingargjöld námu 0,06% samanborið við 0,07% árið áður. Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum lækkaði því milli ára úr 0,20% í 0,18%.

Þróun kostnaðar undanfarin ár:





## Séreignardeild



Séreignardeild sjóðsins hefur skilað mjög góðum árangri á undanförunum árum og var ávöxtun hennar mjög góð á árinu 2006. Safn I, sem er áhættuminna, skilaði 20,0% nafnávöxtun og 12,2% raunávöxtun. Safn II, sem hefur hærra vægi hlutabréfa og er því áhættumeira, skilaði 22,0% nafnávöxtun og 14,1% raunávöxtun. Fimm ára meðalávöxtun fyrir Safn I eru 14,5% nafnávöxtun og 10,2% raunávöxtun og sambærilegar tölur fyrir Safn II eru 17,3% nafnávöxtun og 12,8% raunávöxtun. Ofangreindar ávöxtunartölur eru eftir að kostnaður hefur verið dreginn frá. Ársávöxtun safnanna hefur aldrei orðið neikvæð frá stofnun þeirra árið 1999 en bæði söfnin eru vel áhættudreifð.

### Séreignardeild LN - Fjárfestingarstefna

	Safn I	Safn II
Skuldabréf - Innlend	55-85%	40-75%
Hlutabréf - Innlend	5-20%	10-35%
Erlend verðbréf	0-20%	5-35%




**Ávöxtun safna síðustu 5 árin**



Iðgjöld til Séreignardeildar á árinu námu 144,3 milljónum króna og hækkuðu um 7,4% frá fyrra ári. Hækkunin er hófleg sem stafar af því að flutningar frá deildinni voru um 24 milljónum króna meiri en til deildarinnar. Þetta má rekja til erfiðrar samkeppnisstöðu við bankana þar sem þessi sparnaður er jafnan tengdur annarri þjónustu þeirra, auk þess sem þeir eyða stórum fjárhæðum til markaðssetningar. Þetta gerist því þrátt fyrir mjög góða ávöxtun á báðum söfnum deildarinnar. Með hliðsjón af þessu er spurning hvort deildin verður ekki að eyða hærri fjárhæðum til markaðssetningar til að standast hina hörðu samkeppni. Lífeyrisgreiðslur deildarinnar námu 31,3 milljónum króna og jukust um 72% frá fyrra ári. Hrein eign Séreignardeildar í árslok nam 2.076,4 milljónum króna og óx um 471,8 milljónir eða 29,4% á árinu. Hjá Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands er öllum útgjöldum stillt í hóf og nam heildarkostnaður sjóðfélaga aðeins 0,50% af eignum. Upphafskostnaður sjóðfélaga er enginn og kappkostað að hafa innheimtu iðgjalda í föstum skorðum.

Samsetning á eignum safnanna um áramótin var sem hér segir:


**Safn I - Eignasamsetning**



„Ekki telur allt sem hægt er að telja og ekki er hægt að telja allt sem telur.“  
*Albert Einstein*

„Eina leiðin til að losna við freistingarnar er að falla fyrir þeim“  
Oscar Wilde

Safn II - Eignasamsetning



## Lokaorð

Ávöxtun Lífeyrissjóðs Norðurlands var góð á árinu 2006. Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var einnig góð, þrátt fyrir auknar byrðar vegna vaxandi örorku. Réttindakerfi sjóðsins hefur verið breytt í svokallaða aldurstengda ávinnslu réttinda. Til að milda áhrif þessara breytinga á réttindi þeirra, sem greitt hafa um lengri eða skemmri tíma til kerfis jafnar réttindaávinnslu, er jafnframt boðið upp á að hluti iðgjalda þeirra sjóðfélaga, sem uppfylla ákveðin skilyrði, fari áfram í jafna ávinnslu réttinda. Þetta hefur verið nefnt blandað réttindakerfi. Til lengri tíma litið mun réttindakerfi sjóðsins færast alfarið yfir í kerfi aldurstengdrar ávinnslu, þótt breytingin taki nokkurn tíma vegna þessarar blönduðu leiðar.

Samingaviðræðum við Lífeyrissjóð Austurlands, um sameiningu hans við Lífeyrissjóð Norðurlands, lauk í nóvember og var réttindakerfi Lífeyrissjóðs Norðurlands breytt til samræmis við Lífeyrissjóð Austurlands á aukaárfundi í desember. Lokakaflinn í þessu sameiningarferli verður síðan á ársfundum sjóðanna 2007. Verði sameiningin samþykkt mun nýr sameinaður sjóður taka til starfa og miðast sameiningin við ársbyrjun 2007. Ársskýrsla Lífeyrissjóðs Norðurlands fyrir árið 2006 er því síðasta ársskýrsla sjóðsins. Lífeyrissjóður Norðurlands varð til árið 1992 með sameiningu 6 sjóða á Norðurlandi. Árið 2001 gengu síðan tveir sjóðir, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra og Lífeyrissjóður KEA, til liðs við sjóðinn og má þá segja að sameiningu á Norðurlandi hafi verið lokið. Nú hefst nýr kafli í þessu efni með sameiningu við Lífeyrissjóð Austurlands, en áfram má búast við frekari sameiningu lífeyrissjóða á Íslandi enda stærðarhagkvæmni mikil í þessari starfsemi og breytt umhverfi kallar á stærri og öflugri einingar.

Á þessum tímamótum vill stjórn sjóðsins þakka öllum fyrri stjórnarmönnum gott starf í þágu sjóðsins, auk þess að þakka framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins gott samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

# Ársreikningur

## Lífeyrissjóðs Norðurlands

### 2006

## Skýrsla stjórnar

Á árinu 2006 greiddu 12.609 sjóðfélagar hjá 1.782 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins og námu iðgjöld ársins 2.432 millj. kr. Iðgjöld til tryggingadeildar námu 2.288 millj. kr. og hækkuðu um 14,5% frá fyrra ári og iðgjöld til séreignardeildar námu 144 millj. kr. og hækkuðu um 7,4% frá fyrra ári.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.385 millj. kr. sem er um 8,7% hækkan frá fyrra ári. Ellilífeyrir nam 767 millj. kr., örorkulífeyrir 446 millj. kr., makalífeyrir 106 millj. kr., barnalífeyrir 34 millj. kr. Þá námu greiðslur úr séreignardeild ríflega 31 millj. kr. Til samanburðar voru heildarlífeyrisgreiðslur á árinu 2005 1.274 millj. kr. Lífeyrisþegar í árslok voru 4.287 og hafði þeim fjölgað um 335 frá fyrra ári.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tryggingadeild og séreignardeild. Hrein eign til greiðslu lífeyris tryggingadeildar nam 54.355 millj. kr. í árslok og hækkaði um 8.451 millj. kr. eða um 18,41%. Hrein raunávöxtun tryggingadeildar miðað við vísitölu neysluverðs var 8,6%.

Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.076 millj. kr. í árslok. Hrein raunávöxtun Safns 1 var 12,2% og Safns II 14,1%.

Sjóðurinn fjárfesti fyrir 26.316 millj. kr. á árinu og er vísað til ársreiknings varðandi skiptingu fjárfestingarinnar.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu tryggingadeildar sjóðsins hefur verið gerð miðað við stöðu hans í árslok 2006. Samkvæmt henni átti sjóðurinn 3.921,4 millj. kr. umfram eignir eða 4,3%. Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var jákvæð á árinu um 4.734,1 millj. kr.

Á undanförnum árum hafa orðið allnokkrar sameiningar hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Slíkar sameiningar hafa í för með sér ákveðið hagræði þar sem stærri einingar eiga auðveldara með að veita betri þjónustu og takast á við sífellt flóknari umsvif á fjármálamörkuðum. Í kjölfar sameiningarviðræðna við Lífeyrissjóð Austurlands hefur stjórn sjóðsins ákveðið að leggja fyrir ársfund sjóðsins tillögu að sameiningu sjóðsins við Lífeyrissjóð Austurlands.

Á síðustu árum hafa lífeyrissjóðir almennt verið að færa sig yfir í aldurstengt réttindaávinnslukerfi. Slíkt kerfi felur í sér að samræmi er á milli greidds iðgjalds og þeirra réttinda sem það skapar. Iðgjöld sem greidd eru framan af starfsævinni skapa meiri réttindi en iðgjöld sem greidd eru síðar. Samþykkt var á ársfundi sjóðsins, sem haldinn var í maí 2006, að farin yrði svokölluð Uppbótarleið við að breyta réttindaávinnslu hjá sjóðnum yfir í aldurstengda ávinnslu. Í kjölfar sameiningarviðræðna við Lífeyrissjóð Austurlands varð það að niðurstöðu að sameiginlegur sjóður myndi nota svokallaða blandaða leið við að breyta réttindaávinnslu sinni yfir í aldurstengda ávinnslu. Í framhaldi af þessari niðurstöðu lagði stjórn sjóðsins fram tillögu á aukaársfundi, sem haldinn var í desember 2006, að réttindakerfi Lífeyrissjóðs Norðurlands yrði breytt úr Uppbótarleið yfir í blandaða leið. Aukaársfundurinn samþykkti þessa tillögu og tekur þetta nýja réttindakerfi gildi frá og með 1. janúar 2007. Mat á framtíðarskuldbindingum sjóðsins tekur mið af þessum breytingum.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Akureyri, 6. febrúar 2007

Stjórn:



Björn Snæbjörnsson, stjórnarformaður



Kristján Þór Júlíusson, varaformaður



Sírý Hrönn Haraldsdóttir



Signý Jóhannesdóttir



Einar Einarsson



Þorbjörg Þorfinnsdóttir



Ásgerður Pálsdóttir



Aðalsteinn Á. Baldursson



Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Stjórn og sjóðfélagar Lífeyrissjóðs Norðurlands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Norðurlands fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar, kennitölur ásamt deildaskiptu yfirliti.

#### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

#### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Akureyri, 6. febrúar 2007

PricewaterhouseCoopers hf.



Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi



Sighvatur Halldórsson, endurskoðandi

## Áritun tryggingastærðfræðings

### Til stjórnar og fulltrúaráðs Lífeyrissjóðs Norðurlands

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs Norðurlands í árslok 2006. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegt mat á stöðu lífeyrissjóða.

Forsendur sem miðað er við eru m.a. líflíkur árunna 2001-2005, meðalörökulíkur íslenskra lífeyrissjóða samkvæmt nýrri athugun og 3,5% vexti p.a.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 16.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhalda sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2006. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstrarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2006. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldabréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 3,5%.

Niðurstaða athugunarinnar er sú að eignir Lífeyrissjóðs Norðurlands séu 4,3% umfram skuldbindingar í hlutfalli af skuldbindingum. Staða sjóðsins batnar verulega frá niðurstöðu síðasta árs en þá reiknuðust skuldbindingar 1,1% umfram eignir.

Skýring þess að staða sjóðsins batnar á árinu er góð ávöxtun sjóðsins á liðnu rekstrarári.

Reykjavík, 6. febrúar 2007



Bjarni Guðmundsson,  
tryggingastærðfræðingur

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

	Skýringar	2006	2005
<b>Löggjöld</b>			
Sjóðfélagar.....		882.551	793.718
Launagreiðendur.....		1.571.740	1.360.822
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....		(21.855)	(22.603)
	<i>Löggjöld</i>	<u>2.432.436</u>	<u>2.131.937</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir.....	6	1.385.055	1.273.841
Umsjónarnefnd eftirlauna.....		(10.590)	(11.988)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.....		4.111	5.543
	<i>Lífeyrir</i>	<u>1.378.576</u>	<u>1.267.397</u>
